HEILBRIGÐISRÁÐUNEYTIÐ

Skógarhlíð 6 105 Reykjavík
sími: 545 8700 hrn@hrn.is
stjornarradid.is

Hafnarfjarðarkaupstaður
Rannveig Einarsdóttir
Strandgötu 6
220 Hafnarfirði

Reykjavík 3. júlí 2019
Tilv.: HRN19030089/06.84.01

**Efni: Úthlutun úr Framkvæmdasjóði aldraðra árið 2019**

Heilbrigðisráðuneytið vísar til umsóknar frá Hafnarfjarðarkaupstað um framlag úr Framkvæmdasjóði aldraðra á árinu 2019. Sótt var um framlag til að fjölga dagdvalarrýmum og bæta aðstöðu á Sólvangi.

Að fenginni tillögu stjórnar Framkvæmdasjóðs aldraðra hefur heilbrigðisráðherra ákveðið að veita framlag til framkvæmdarinnar allt að 48.959.381 kr. úr Framkvæmdasjóði aldraðra. Framlagið er allt að 20% af áætluðum kostnaði samanber umsókn.

Með bréfi þessu fylgir samkomulag vegna framlagsins í tvíriti. Óskað er eftir því að viðtakandi framlags setji inn viðeigandi upplýsingar í óútfyllta reiti s.s. upplýsingar um þann reikning sem leggja á framlagið inn á. Ef aðrar upplýsingar í samkomulaginu eru ekki réttar þá er bent á að senda athugasemdir á netfang heilbrigðisráðuneytisins á hrn@hrn.is.

Framlagið verður greitt út í þrennu lagi. Fyrsti hluti þegar viðtakandi hefur fyllt út og staðfest meðfylgjandi samkomulag með undirritun sinni og sent annað eintak samningsins til ráðuneytisins. Annar hluti framlags þegar allri hönnun er að fullu lokið og að byggingarfulltrúi hafi gefið heimild til framkvæmdarinnar. Lokagreiðsla greiðist þegar staðfesting liggur fyrir um að framkvæmdum sé að fullu lokið hafi verið í samræmi við umsókn og undirrituð staðfesting endurskoðanda á kostnaði við framkvæmdina liggi fyrir.

Fyrir hönd heilbrigðisráðherra

Ásta Valdimarsdóttir

Elsa B. Friðfinnsdóttir

Fylgiskjal: Samkomulag um framlag í tvíriti

**HEILBRIGÐISRÁÐUNEYTIÐ**

# Samkomulag vegna framlags úr Framkvæmdasjóði aldraðra 2019

## 1. Framkvæmdasjóður aldraðra

Heimilisfang: Heilbrigðisráðuneytið, Skógarhlíð 6, 105 Reykjavík
Kennitala: 521218-0530 Netfang: postur@hrn.is

| Tengiliður veitanda framlags: | Málsnúmer veitanda framlags: |
|---|---|
| Sveinn Bragason, sérfræðingur skrifstofu heilbrigðisþjónustu | HRN19030089 |

## 2. Viðtakandi/ móttakandi framlags

| Sveitarfélag/ stofnun/ heimilisfang | Kennitala: |
|---|---|
| Hafnarfjarðarkaupstaður, Standgötu 6, 220 Harnarfjörður | 590169-7579 |
| Ábyrgðarmaður verkefnis: | Tölvupóstfang ábyrgðarmanns: |
| Rannveig Einarsdóttir | rannveig@hafnarfjordur.is |

## 3. Framlag/ verkefni

| Ákvörðun um framlag: | |
|---|---|
| Heilbrigðisráðherra hefur ákveðið að veita Hafnarfjarðarkaupsstað framlag úr Framkvæmdasjóði aldraðra vegna Sólvangs, sbr. meðf. bréf dags. 3. júlí 2019 sem er hluti ákvörðunar ráðherra og þessa samkomulags. | |
| **Heildarfjárhæð framlags:** | **Reikningur sem lagt er inn á:** |
| 48.959.381.- kr. | 0545-26-000230 |
| **Vitjun framlags** | |
| Sé framlags ekki vitjað innan tveggja ára frá dagsetningu tilkynningar um framlag fellur það niður í samræmi við 7. gr. reglugerðar um Framkvæmdasjóð aldraðra nr. 468/2014 | |

## 4. Skuldbinding móttakanda framlags

Með undirritun samkomulagsins og móttöku framlagsins lýsir móttakandi því yfir að hann ábyrgist að framlaginu verði varið til verkefnisins sem lýst er í umsókn og í samræmi við ákvörðun og skilyrði ráðherra. Jafnframt skuldbindur hann sig til að skila stjórn Framkvæmdasjóðs aldraðra lokaskýrslu sbr. 10 gr. reglugerðar um Framkvæmdasjóð aldraðra nr. 468/2014 og hlýta öðrum þeim skuldbindingum sem í reglugerðinni koma fram. Lokagreiðsla framlags verður innt af hendi þegar endanlegt fjárhagsuppgjör liggur fyrir.

## 5. Endurkröfuréttur ráðherra/stjórnar Framkvæmdasjóðs aldraðra

Ráðherra getur ákveðið, að höfðu samráði við stjórn Framkvæmdasjóðs aldraðra, að krefja þann sem framlag hefur fengið úr Framkvæmdasjóði aldraðra um endurgreiðslu framlagsins ef viðkomandi skilar ekki fullnægjandi skýrslu og uppgjöri, sbr. 10. gr. reglugerðar um Framkvæmdasjóð aldraðra nr. 468/2014.

Reykjavík,

Sveinn Bragason

F.h. heilbrigðisráðuneytisins

F.h. viðtakanda

**HEILBRIGÐISRÁÐUNEYTIÐ**

# Samkomulag vegna framlags úr Framkvæmdasjóði aldraðra 2019

## 1. Framkvæmdasjóður aldraðra

Heimilisfang: Heilbrigðisráðuneytið, Skógarhlíð 6, 105 Reykjavík
Kennitala: 521218-0530 Netfang: postur@hrn.is

| Tengiliður veitanda framlags: | Málsnúmer veitanda framlags: |
|---|---|
| Sveinn Bragason, sérfræðingur skrifstofu heilbrigðisþjónustu | HRN19030089 |

## 2. Viðtakandi/ móttakandi framlags

| Sveitarfélag/ stofnun/ heimilisfang | Kennitala: |
|---|---|
| Hafnarfjarðarkaupstaður, Standgötu 6, 220 Harnarfjörður | 590169-7579 |
| Ábyrgðarmaður verkefnis: | Tölvupóstfang ábyrgðarmanns: |
| Rannveig Einarsdóttir | rannveig@hafnarfjordur.is |

## 3. Framlag/ verkefni

| Ákvörðun um framlag: | |
|---|---|
| Heilbrigðisráðherra hefur ákveðið að veita Hafnarfjarðarkaupsstað framlag úr Framkvæmdasjóði aldraðra vegna Sólvangs, sbr. meðf. bréf dags. 3. júlí 2019 sem er hluti ákvörðunar ráðherra og þessa samkomulags. | |
| Heildarfjárhæð framlags: | Reikningur sem lagt er inn á: |
| 48.959.381.- kr. | 0545 - 26 - 000230 |
| Vitjun framlags | |
| Sé framlags ekki vitjað innan tveggja ára frá dagsetningu tilkynningar um framlag fellur það niður í samræmi við 7. gr. reglugerðar um Framkvæmdasjóð aldraðra nr. 468/2014 | |

## 4. Skuldbinding móttakanda framlags

Með undirritun samkomulagsins og móttöku framlagsins lýsir móttakandi því yfir að hann ábyrgist að framlaginu verði varið til verkefnisins sem lýst er í umsókn og í samræmi við ákvörðun og skilyrði ráðherra. Jafnframt skuldbindur hann sig til að skila stjórn Framkvæmdasjóðs aldraðra lokaskýrslu sbr. 10 gr. reglugerðar um Framkvæmdasjóð aldraðra nr. 468/2014 og hlýta öðrum þeim skuldbindingum sem í reglugerðinni koma fram. Lokagreiðsla framlags verður innt af hendi þegar endanlegt fjárhagsuppgjör liggur fyrir.

## 5. Endurkröfuréttur ráðherra/stjórnar Framkvæmdasjóðs aldraðra

Ráðherra getur ákveðið, að höfðu samráði við stjórn Framkvæmdasjóðs aldraðra, að krefja þann sem framlag hefur fengið úr Framkvæmdasjóði aldraðra um endurgreiðslu framlagsins ef viðkomandi skilar ekki fullnægjandi skýrslu og uppgjöri, sbr. 10. gr. reglugerðar um Framkvæmdasjóð aldraðra nr. 468/2014.

Reykjavík,

Sveinn Bragason

F.h. heilbrigðisráðuneytisins

F.h. viðtakanda